

REGLUR

um breytingar á reglum um háskólafund Háskólans á Akureyri nr. 389/2009.

1. gr.

Grein 1.1. verður þannig:

- 1.1 Háskólafundur er samráðsvettvangur fulltrúa yfirstjórnar háskólans, fræðasviða hans, fulltrúa starfsmanna við stjórnslu skólans og fulltrúa nemenda og kennara. Skal fundurinn vera vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans sem og varðandi akademíska stefnumótun.

2. gr.

b-liður greinar 2.1. verður þannig:

- b) Úr hópi fastra kennara tilnefna fræðasvið háskólans hvert um sig fimm fulltrúa, talsmaður Félags prófessora við ríkisháskóla sem starfa við HA tilnefnir einn, stjórn Félags háskólakennara á Akureyri tilnefnir einn, starfsfólk við stjórnslu háskólans tilnefnir tvo og skulu þeir allir, auk varamanna, tilnefndir eftir kosningu á viðkomandi fræðasviði, á meðal viðkomandi félagsmanna eða meðal starfsfólks við stjórnslu, til tveggja ára í senn.

3. gr.

c-liður greinar 2.2. verður þannig:

- c) Framkvæmdastjóri annast kjör á fulltrúum starfsfólks við stjórnslu háskólans.

4. gr.

Reglur þessar, samþykktar af háskólaráði 28. október 2011, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 með breytingum nr. 50/2010 og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 17. nóvember 2011.

Stefán B. Sigurðsson rektor.

Sigurður Kristinsson,
varaforseti háskólaráðs.